

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Brynhildur Pálmarsdóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 12. febrúar 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands (280. mál).
Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á stjórnskipulagi Seðlabankans.

Viðskiptaráð tekur undir ummæli greinargerðar frumvarpsins þess efnis að mikilvægt sé að einstaklingur sem býr yfir vítækri reynslu og þekkingu af peningamálum stýri Seðlabankanum. Slík skipan er eðli málsins samkvæmt til þess fallin að efla gæði og tryggja frekar tilætluð áhrif af ákvarðanatöku bankans og skapa bankanum jafnframt trúverðugleika út á við – sem hefur skort um langa hríð. Á þetta sjónarmið við um meginþorra allra opinberra skipana og því er fagnaðarefni að sjá það svart á hvítu í frumvarpi þessu, vonandi verður það almennt til eftirbreytni í þessum efnunum.

Það verður þó seint sagt að þetta sjónarmið hafi verið ráðandi í umfjöllun tengdri frumvarpinu og áhrifum þess. Hún einkennist mun fremur af orrahríð óvildarorða milli stjórnvalda og stjórnar Seðlabankans og algerlega tilgangslausu karpi um hvaða þingnefnd eigi að fjalla um frumvarpið. Þessi hegðan hefur dregið verulega úr trúverðugleika þessa frumvarps og viðkomandi aðila, bæði héraðs og ekki síst erlendis, eitthvað sem land og þjóð mega illa við mitt í öldudal djúprar efnahagslæggðar. Að auki vekja þær yfirlýsingar sem hafa fallið af hálfu stjórnvalda upp spurningar um sjálfstæði Seðlabankans – sem verður að vera tryggt. Stjórn Seðlabankans má aldrei vera skipuð eftir geðþótta stjórnvalda hverju sinni.

Hvernig svo sem umfjölluninni hefur verið háttað af hálfu ofangreindra aðila, sem er vægast sagt skömmustuleg, þá eru talsverðar líkur til þess að sú skipan sem frumvarp þetta felur í sér sé til þess fallin að auka trúverðugleika Seðlabankans. Trúverðugleiki er verðmætasta eign hvers seðlabanka. Til að þau áhrif verði nær tryggð verður að breyta frumvarpinu og lögnum að öðru leyti til samræmis við ábendingar AGS.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga og að efnistöfum þess verði breytt til samræmis við ábendingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs